

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Blikastaðavegur 2-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 10. janúar 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst m.a. að notkunarskilgreining byggingarreita breytist, verða nú skilgreindir fyrir netþjónabú og varaafsstöðvar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vogabyggð svæði 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 14. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogabyggð, svæði 1. Í breytingunni felst að bætt er við nýjum flokki byggingarmagns B-rýmis fyrir svalir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 15. febrúar 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2018